



Alþingi
Erindi nr. Þ 135/868
komudagur 7.12.2007

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. félags- og tryggingamálanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 5. desember 2007

0711360SA /GJ
Tilv.: 094

**Efni: Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga, ~~156.~~ mál
146.**

Frumvarpið barst Sambandi íslenskra sveitarfélaga með bréfi dags. 13. nóvember 2007. Í frumvarpinu er lögð til sú breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, að orðin „og eigi lægra en 11,24%“ í 1. mgr. 23. gr. laganna falli brott. Efnislega felur frumvarpið það í sér að ekki verði lengur um lágmark að ræða á álagningarhlutfalli útsvars hjá sveitarfélögum í landinu. Það er grundvallarbreyting á þeim lagamma sem gildir um álagningu útsvars hjá sveitarfélögum.

Að álitum Sambands íslenskra sveitarfélaga eru mörg mál er lúta að tekjustofnum sveitarfélaga og fjármálum samskiptum ríkis og sveitarfélaga almennt mun brýnni en það mál sem hér er veitt umsögn um. Má þar fyrst nefna að sveitarfélögin hafa um langt skeið barist fyrir því að fá aukna hlutdeild í tekjum ríkisins af fjármagnstekjuskatti og öðrum skatttekjum á borð við skatta af bifreiðum og eldsneyti. Einnig hefur það lengi verið krafa sveitarfélaganna að ríkið taki á sig aukinn kostnað vegna húsaleigubóta.

Af einstökum málum má sérstaklega nefna að sambandið hefur ritað bæði Alþingi og einstökum ráðuneytum bréf til að reka á eftir því að nauðsynleg framlög fáist úr ríkissjóði til að sveitarfélög geti uppfyllt lögbundnar kröfur á sviði fráveitumála og til að framfylgja ákvæðum laga um eyðingu minka og refa. Einnig hefur af óskiljanlegum ástæðum ekki reynst unnt að fá nauðsynlegar fjárheimildir á fjárlögum til að unnt verði að endurgreiða sveitarfélögum virðisaukaskatt vegna kaupa á búnaði fyrir slökkvilið. Loks má nefna að enn skortir fjármagn úr ríkissjóði til að stuðla að frekari sameiningu sveitarfélaga. Er afar brýnt að Alþingi taki nú þegar undir sanngjarnar kröfur sveitarfélaganna í ofangreindum málum.

Samband íslenskra sveitarfélaga varar eindregið við því að felld verði niður ákvæði um lágmarksútsvarshlutfall. Ákvæði um lágmarksútsvar var tekið upp í lög um tekjustofna sveitarfélaga árið 1993. Markmið með þeirri breytingu var að draga úr mismun á útsvarsálagningu og jafna þannig skattbyrði hjá íbúum landsins. Rökin fyrir því að lögbinda áfram lágmarksútsvarshlutfall eru þau að allir íbúar landsins sem greiða skatt af tekjum sínum á annað borð skuli greiða sinn lágmarkshluta af kostnaði við þá samfélagsþjónustu sem sveitarfélögin veita íbúum landsins. Þau rök hafa í engu breyst frá því að lög um lágmarkshlutfall útsvars voru sett árið 1993. Þetta viðhorf er einnig við lýði á öðrum Norðurlöndum þar sem annað hvort er lágmark á útsvarshlutfalli



eða eitt útsvarshlutfall lögbundið og sveitarfélögin hafa þá ekkert val um álagningarhlutfall.

Möguleikar sveitarfélaga til tekjuöflunar eru afar mismunandi. Staðsetning vatnsaflsvirkjana eða stórra iðnfyrirtækja getur til dæmis haft veruleg áhrif á skatttekjur viðkomandi sveitarfélaga. Ef um er að ræða fámenn sveitarfélög vegur slík aukning á fasteignaskattstekjum mjög þungt þegar lítið er til hlutfalls skatttekna á hvern íbúa. Ef sveitarfélag í þeirri stöðu ákveður að lækka útsvarsálagningu verulega eða jafnvel hætta að leggja á útsvar getur það leitt til myndunar svokallaðrar skattaparadísar, þ.e. að launafólk í viðkomandi sveitarfélagi þurfi lítið eða ekkert að greiða til samfélagsins. Slík þróun gæti jafnframt virkað sem hvati til svokallaðrar „gervibúsetu“ innan sveitarfélagsins vegna þeirrar gríðarlegu skattalegu ívilnunar sem slíkt misræmi hefði í för með sér. Afnáam lágmarksútsvars getur þannig haft afar óheppileg áhrif á samspil búsetu og skattgreiðslna og á samvinnu sveitarfélaga að ýmsum hagsmunamálum.

Á árinu 2007 eru það þrjú sveitarfélög á landinu sem leggja á lágmarksútsvar, Skorradalshreppur (56 íbúar), Helgafellssveit (58 íbúar) og Ásahreppur (158 íbúar). Samtals eru 272 íbúar í þessum sveitarfélögum. Í 14 öðrum sveitarfélögum er ekki lagt á hámarksútsvar en í 62 sveitarfélögum er lagt á hámarksútsvar sem er 13.03%. Miðað við núverandi forsendur er því engin þörf fyrir afnám lögbundins lágmarksútsvars og leggst sambandið gegn þeirri breytingu sem lögð er til í frumvarpinu.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri